

**Nd.**

**642. Nefndarálit**

**[148. mál]**

um frv. til l. um ríkisábyrgð á útflutningsvörum bátaútvegsins o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu þessa máls, og leggur meiri hlutinn til, að það verði fellt, en minni hlutinn, ég undirritaður, leggur til, að frv. verði samþykkt. Áskil mér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Höfuðákvæði þessa frv. er það að tryggja bátaútveginum 93 aura verð fyrir kg af slægðum fiski, en það verð var af hagfræðingum þeim, er undirbjuggu gengislækkunarfrv., sem nú hefur verið lögfest, talið, að bátaútvegurinn gæti fengið eftir framkvæmd gengislækkunarinnar. Framkvæmdin hefur hins vegar orðið allt önnur, því að útvegurinn fær nú aðeins 75 aura, en váttryggingarstyrkurinn fyrir útgerðina er talin nema 10 au. á kg, miðað við meðalafla, ofan á það, sem olía og veiðarfæri hafa yfirleitt hækkað um það, sem gengisfellingunni nemur, eða um ca. 75%. Ofan á þetta bætist, að mikil hætta er á því, að fiskverð verði lækkað niður úr 75 aurum, enda eru engin lagafyrirmæli til, sem banna hraðfrystihúsum og fisk-sólturum að lækka verðið. Það er öllum ljóst, að ókleift er að reka bátaútvegin með svo lágu verði, einkum eru það þó linubátarnir, sem sízt þola þessa verðlækkun, sem orðið hefur á fiskinum.

Auk þessa veldur afnám fiskábyrgðarinnar mjög mikilli óvissu um allan rekstur bátaútvegsins, sem mun valda rekstrarstöðvun og atvinnuleysi víða um land.

Alþingi, 4. maí 1950.

Einar Olgeirsson.